

Saga hrunsins á neti, bloggi og fésbók. Ný sýn eða truflandi suð?

Fyrir nokkrum dögum birtist í fjölmiðlum merkileg frétt, fannst mér, og einkum við hæfi að vekj athygli á henni á þessum stað. Það kom nefnilega upp úr kafinu að leirstytta eða brjóstmynd sem búin var til við rannsókn á Geirfinnsmálinu umtalaða er ennþá til; henni hefur ekki verið fargað. Var henni ætlað að svipa til manns sem átti að hafa hringt í Geirfinn Einarsson kvöldið sem hann hvarf í Keflavík 19. nóvember 1974. Leirfinnur var styttn gjarnan kölluð, kannski í þeim anda að þetta sakamál varð einhvers konar almenningseign og þá fékk margt að flakka. Saklausir menn urðu sekir í umræðum manna, hver kenningin á fætur annarri dúkkaði upp um afdrif þeirra sem var saknað, og jafnvel mátti spauga með málsatvik, ekki síst þegar leir gat rímað við geir.

Það er önnur saga en brjóstmyndin telst hluti þeirra rannsóknargagna sem aflað var á sínum tíma – og á síðan að varðveita lögum samkvæmt. En hvar? Þegar Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður fóru öll gögn hennar hingað á Þjóðskjalasafnið, ekki þó styttn af Leirfinni. Í frétt vefmiðilsins Pressunnar fyrr í þessari viku var haft eftir starfsmanni safnsins „að það taki einungis við pappírnum, ekki leirstyttum“.<sup>1</sup> Þess í stað er styttn umtalaða geymd á tryggum stað á lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Til þess hef ég þennan formála að þeir sem vinna við að rannsaka fortíðina eða geyma gögn um hana þurfa að glíma við margan vanda, og einn er sá að heimildirnar til að rannsaka og geyma geta verið margs konar. Leirstyttur í sakamáli eru afmörkuð og einstök tilfelli en lítum þá kannski frekar á miðil fréttarinnar um hana: Netið. Hvernig getum við notað heimildir á því, hvernig getum við varðveitt þær? Þau orð að Þjóðskjalasafn taki „einungis við pappírnum“ verður held ég að skilja með hliðsjón af seinni hluta setningarinnar, „ekki leirstyttum“, enda segir í þriðju grein laga um safnið:

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir. Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.<sup>2</sup>

Reyndar vaknar sú spurning hvort leirstyttan margumrædda eigi þá ekki heima á Þjóðskjalasafni en látum hana liggja milli hluta. Rafrænu heimildirnar eru umfangsmeiri.

Nú hefur varðveisla rafræna gagna auðvitað verið mikið rædd undanfarin ár. Þau mál þekkja aðrir miklu betur en ég. Hér og nú hyggst ég hins vegar fjalla um þær rafrænu heimildir sem ég studdist við þegar ég skrifaði bókina Hrunið, um atburðina miklu haustið 2008. Þá á ég bæði við netmiðla og blogg, fésbók og sms, allt hvað eina sem var aðeins miðlað með hinni nýju tækni sem við notum flest nú til dags.

Fyrst örfá orð um tilurð Hrunsins, bókarinnar: Markmiðið var að skrifa eins hratt og unnt væri lýsingu á því sem gerðist haustið 2008 þegar bankarnir stóru hrundu hver af öðrum og virtust jafnvel ætla að soga ríki og þjóð með sér í fallinu, eins og Geir H. Haarde forsætisráðherra rakti í Guð-blessi-Ísland-ávarpinu fræga 6. október fyrir rúmum þremur árum. Í bókinni skyldi greint frá því sem gerðist frá degi til dags en litið um öxl þess á milli og minnst á dýpri ástæður þess að svo fór sem fór, án þess að lokadómur yrði lagður á þær. Það myndi bíða betri tíma en að því sögðu fannst mér sjálfsagt, og nauðsynlegt, að semja nokkurs konar annál. Svo mikið gekk á hverju sinni, svo mikið var fjallað um málin í fjölmiðlum og netheimum að nær ómögulegt var að halda glöggri yfirsýn um rás viðburðanna. Einn þeirra sem því lýsti í október 2008 var dr. Gunní:

Þetta hafa verið gríðarlega tens dagar. Heilinn á manni hefur verið í algjöru óverlódi. Ég held að þjóðin öll sé í svipuðum gír enda hafa heimsóknir á fréttaveitur stórauðist. Traffíkin hingað hefur líka aukist mikið. Ég hef mest verið að slefa í 30.000 hits á mánuði, en nú er mánuðurinn hálfnaður og ég þegar kominn með 30.000 hits. ([sjá](#)) Maður lepur allt upp sem maður sér. Fréttamiðla og bloggara.<sup>3</sup>

Einn þeirra sem var í fremstu röð mótmælenda með grímu fyrir andliti lýsti einnig vel þeirri spennu sem ríkti í samfélaginu:

Vilji fólk fylgjast almennilega með því sem er að gerast á Íslandi í dag (látum vera að skilja það allt saman), krefst það þess að fólk sitji fyrir framan tölvuskjá allan daginn og ýti á „Refresh“ hnappinn á tíu mínútna fresti. ... Hver einasta frétt á vefsíðu Morgunblaðsins er hlaðinn [svo] spurningum bloggara. Sumir hafa svör og aðrir ekki. Sumir vilja svör og aðrir ekki. Einhverjir bloggarar gera kröfur til ráðamanna og aðrir eru tilbúnir með „konkret“ lausnir á vandamálunum. Samræður á eftir samræðum, rifrildi á eftir rifrildum, það rýkur úr lyklaborðunum.<sup>4</sup>

Það rýkur úr lyklaborðunum. Og traffíkin stórjókst, sagði dr. Gunni. En hvaða máli skipti það? Breytti blogg einhverju? „Hættum að blogga,“ var yfirskrift þessarar seinni blogg færslu, enda sá sem skrifaði aðgerðasinni. En má ekki álykta að saga hrunsins verði alls ekki sögð til hlítar nema blogg, fésbókar færslur og önnur tjáning á netinu verði höfð til hliðsjónar?

Í fyrsta lagi veita blogg færslur af þessu tagi góða innsýn í þá angist sem ríkti í samfélaginu. Því til stuðnings mætti líka nefna eftirfarandi lýsingu nema í Bretlandi þegar hvað mest gekk á og vonlaust var að skipta sökkvandi krónum í erlendan gjaldmiðil: „Maður er bara með hnút í maganum í hvert skipti sem maður fer inn á mbl.is og þorir helst ekkert að kíkja inn á þessar síður af því ég veit bara um ótrúlega marga sem hafa bara verið að tárast.“<sup>5</sup>

Þá voru þeir auðvitað til sem veittu reiðinni útrás á netinu og því þarf að halda til haga í sögu hrunsins. Í lok janúar 2009, í miðri búsáholdabyltingu, lét mótmælandi nokkur talsvert til sín taka með blogg færslum á Moggablogginu. Heitar umræður sköpuðust og að því kom að einn andmælenda þangað sendi þessi skilaboð:

Af skrifum þínum að dæma þá held ég að það réttasta í stöðunni væri hreinlega að siga á þig kolgeðveikum kynferðisafbrotamanni.

Þá fengirðu glænýjan skammt af einhverju til að mótmæla :

Tómas Orri Hreggviðsson (IP-tala skráð) 27.1.2009 kl. 18:20.

Þetta voru öfgakennd viðbrögð í rökræðum en svona gat tíðarandinn verið. Eflaust var það svo að margir létu skammir flakka í bloggi og kommentum sem þeir hefðu ekki haft uppi auglitis til auglitis við þann sem þeim var beint að. Og rétt eins og fólk gat í sínum galskap grínast með Geirfinn og Leirfinn var líka grínast með hrúnið, ekki síst á græskulausan hátt. Sunnudaginn 12. október 2008, tæpri viku eftir neyðarlagaávarp Geirs H. Haarde birtist ný frétt á vefsíðunni baggalútur.is: „Bloggari nær eittþúsund kreppufærslna markinu“:

Húnavetnskur bloggari á fimmtugsaldri sendi í morgun frá sér sitt eittþúsundasta blogg á tveimur vikum um kreppuna svokölluðu, fyrstur íslenskra bloggara. Bloggin eru allt frá einni hnitmiðaðri málsgrein upp í mörgþúsund orða hugvekjur. Fjalla 246 færslur um fall krónunnar og evruna, 209 um seðlabankann og Davíð Oddsson, 158 um bankana og útrásarvíkingana – og 108 færslur um ríkisstjórnina. Þá hefur maðurinn sett inn 59 svokallaðar grínfærslur um ástandið. Þakkar maðurinn árangurinn fyrst og fremst þægilegri innivinnu og því að hann hafi lítið sem ekkert stolist í klámið.<sup>6</sup>

Bloggið og fésbókin veita þannig upplýsingar um hugarástand almennings, angist, reiði og kaldhæðni ef út í það er farið. Þar að auki geta þessir miðlar lumað á beinhörðum staðreyndum sem gætu skipt máli fyrir heildarmynd atburða. Egill Helgason, sjónvarpsmaðurinn kunni, varð eins konar yfirbloggari miðað við áhrifavald og lestur. Eitt sinn bloggaði hann um það sem hann sá úr sæti sínu á kaffihúsi dag nokkurn í nóvember 2008:

Ég var á kaffi París kl. rúmlega 4 í dag. Þá sé ég Jón Ásgeir stökkva upp tröppurnar á Landsbankanum og banka á dyrnar. Það er opnað fyrir honum og stuttu síðar kemur hlaupandi Ásmundur Stefánsson og bankar líka. Einnig honum er hleypt inn og síðast sést í gegnum glugga að þeir fara upp hringstiga, hvor á eftir öðrum. ... Óneitanlega datt mér í hug að hann væri að slá lán, kannski svona ca kannski fjóra milljarða? Eða billjarða?<sup>7</sup>

Svona tilfallandi heimildir geta skipt máli. En þar að auki eru bloggfærslur, fésbók og sms-skilaboð grundvallargögn um skipulagningu mótmæla og andófs. Gott dæmi er fésbókarsíðan „stuðningsmenn aðgerðasinna“.<sup>8</sup> Með því að fylgjast með henni mátti sjá – eins og lögregla gerði kannski – hverjir vildu mótmæla hvar í „búsáhaldaþyngunni“. Stundum sveif leyndarandi jafnvel yfir vötnum; hér eru færslur frá 18. desember 2008:

Eva Hauksdóttir („creator“ síðunnar, duglegur aðgerðasinni), kl. 15:57: Aðgerðin Sverðfiskur á morgun. Þeir sem hafa staðfest þátttöku mæti á stað B kl 17.00.

Jakob Sigurðsson (Menntaskólanum við Sund), kl. 19:06: hvar er staður B? :S. Komst ekki á fundinn.

Ekki bárust fréttir af mótmælum á ákveðnum stað þennan dag en kannski var staður B Bessastaðir. Í öllu falli komu skilaboð til stuðningsmanna aðgerðasinna fjórum dögum síðar frá Evu Hauksdóttur:

Á mánudag kl 14 [þ.e. daginn eftir] ætlar hópur fólks að Bessastöðum og skora á forsetann að samþykkja ekki fjárlögin. ... Mætum öll og höldum uppi friðsamlegum mótmælum gegn niðurskurði í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og velferðarkerfinu.

Undir miðnætti kvöldið eftir skrifaði Eva á ný, sigri hrósandi:

Á meðan óeirðalöggan beið í viðbragðsstöðu eftir að æstur skrillinn sprengdi Bessastaði í loft upp, laumaðist lítill hópur aðgerðasinna að fjármálaeftirlitinu og læsti því með keðju og hengilás. Stofnunin var svo merkt „Stofnunin lokuð vegna vanhæfis og getuleysis forstjóra.“ Snilld. Þessi hópur fær mörg prik hjá mér.

Svona mætti halda áfram. Um miðnætti aðfaranótt gamlár dags komu enn ein skilaboðin til stuðningsmanna aðgerðasinna: „Allir í kryddsíldina á gamlár dag.“<sup>9</sup> Það var sjónvarpsþáttur Stöðvar tvö, tekinn upp á Hótel Borg og þar varð heilmikill hasar, að ekki sé minnst á „búsáhaldaþýtinguna“ sjálfa í janúar 2009.

Af þessu má sjá að þeir sem vilja segja sögu aðgerða, andófs og mótmæla í kjölfar bankahrunsins verða að lesa fésbókina spjaldanna á milli, ef svo má að orði komast. Þannig má finna beinharðar upplýsingar sem varpa ljósi á það hver gerði hvað hvenær. Mat á heimildum er ekkert endilega mikið vandamál í því samhengi og með frásögnum fjölmiðla má gjarnan komast að því hve margir mættu á mótmæli (þó að þar geti fólk að vísa greint mjög á).

Heimildamat verður hins vegar brýnna þegar sagan snýst um blogg og athugasemdir. Hversu marktæk eru slík orð um almenningsálit og tíðaranda? Endurspeglar þau álit fólksins í landinu eða bara þeirra sem blogga? Í lok október 2008, hrunmánaðarins mikla, olli Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri Útvarps Sögu, allnokkru uppnámi í netheiminum. Sagði hún þá að 98% bloggara væru „fávitar“ og „atvinnulausir menn sem hafa ekkert að gera“. Vart kemur á óvart að þeim orðum var harðlega mótmælt víða á netinu.<sup>10</sup>

Voru og eru bloggarar kannski sérstakt fólk, enginn þverskurður samfélagsins? Fróðlegt væri að rannsaka það mál. Sjálfum fannst mér að með dyggum lestri bloggsíðna og athugasemda við fréttir netfjölmiðla mætti fá einhverja hugmynd af almennu hugarástandi, en líklega þó ýkta og skakka að einhverju leyti. Í það minnsta varð mér ljóst við skrif bókarinnar að þýðið eða mengið yrði að vera mjög mikið, það dygði ekki að lesa aðeins Moggabloggið eða athugasemdir við skrif Egils Helgasonar. Á þeim stöðum virtust hinir reiðustu og orðljótutu helst láta til sín taka.

Annar vandi liggur vitaskuld í skjólinu sem netið getur veitt. Unnt er að höggva í allar áttir úr launsátri. „Hvernig er hægt að halda uppi samræðum við „corvux corax“, „Haffa“ eða „skattborgara“?“ spurði Árni Matthíasson blaðamaður til að mynda í ársbyrjun 2009. Og „Tómas Orri Hreggviðsson“ var ekki til, er ekki til. Sá sem hótaði öllu illu, eins og áður var getið, faldi sig undir dulnefni. En þetta er þá líka hluti sögunnar. Internetið hefur auðvitað

gerbreytt samskiptum manna og að mörgu leyti til góðs. „Helstu kostir netsins,“ sagði Árni Matthíasson sömuleiðis, „eru að enginn á það, ef svo má segja, og það hefur aldrei verið auðveldara fyrir menn að kveðja sér hljóðs, hrinda af stað eigin vefmiðli, eða bloggsíðu, stofna samtök og safna undirskriftum“. <sup>11</sup> Allar þær upplýsingar hljóta að koma að miklu gagni við skráningu sögulegra atburða eins og bankahrunsins og búshaldabyltingarinnar. Til gamans mætti ímynda sér hversu ríkari sagan væri ef fólk á fyrri tíð hefði getað bloggað og „kommentað“, til dæmis um Kreppuárin og Gúttóslaginn ef við höldum okkur á slóðum áfalla og átaka.

„Bloggið og netið skapa nýja vídd í spegli tímans. Sagnfræðin verður ekki söm,“ sagði ég í formála Hrunsins og stend við það. Nú í lok þessa erindis vík ég síðan aðeins að einum heimildarvandanum enn, varðveislunni gagnanna. Þegar ég vann að því að skrifa erindið komst ég að því að margir slóðir sem ég hafði skráð hjá mér virkuðu ekki lengur. Oft hafði ég sem betur fer vistað það sem stóð þar, og vissulega er það svo að netið gleymir engu; allt má finna einhvern veginn. En það getur verið vandasamt og hvernig eiga sagnfræðingar framtíðarinnar að leita að því sem þeir vita ekki endilega að er til. Ég minntist hér á eina fésbókarsíðu, „stuðningsmenn aðgerðasinna“; þær voru miklu fleiri þar sem ýmislegt fróðlegt má finna um afstöðu fólks í bankahruninu og búshaldabyltingunni. En hvar og hvernig mun þetta varðveitast, og hvernig verður hægt að leita að nálum í netheystakkinum mikla, það er umhugsunarefni.

---

<sup>1</sup> <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/hvar-er-leirinnur---geymdur-asamt-mordtolum-i-safni-aetlad-faum-utvoldum---okkar-black-museum>.

<sup>2</sup> [http://www.skjalasafn.is/docs/log\\_1985-66\\_breytt-2008-10.pdf](http://www.skjalasafn.is/docs/log_1985-66_breytt-2008-10.pdf).

<sup>3</sup> <http://this.is/drgunni/gerast0708.html>.

<sup>4</sup> <http://aftaka.rusl.org/2008/11/14/haettum-ad-blogga/>.

<sup>5</sup> Kvöldfréttir RÚV 10. okt. 2008.

<sup>6</sup> <http://baggalutur.is/mobile/index.php?id=4304&firstdate=20081016092600>.

<sup>7</sup> <http://silfuregils.eyjan.is//2008/11/25/bref-um-orkufyrirtaeki-gamla-martrod-starfsmenn-hja-fme-og-nytt-frambod/>.

<sup>8</sup> <http://www.facebook.com/group.php?gid=40614211747&v=wall>.

<sup>9</sup> <http://www.facebook.com/group.php?gid=40614211747&v=wall>.

<sup>10</sup> <http://jonvalurjensson.blog.is/blog/jonvalurjensson/entry/694347/>

<sup>11</sup> Árni Matthíasson, „\*\$\$%&#!\* \$\$%&@###" &lcub;!!!! +%&\$@#!&%“, *Lesbók Morgunblaðsins* 10. jan. 2009.